

## Líftrygging - Vátryggingaskilmálar

### L3

#### HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR

Í skilmálum þessum merkir félagið vátryggjanda, þ.e. Sjóva-Almennar líftryggingar hf.

Vátryggingartaki er sá nefndur sem gert hefur vátryggingarsamning við félagið.

Líftryggður, sem náð hefur 18 ára aldri, telst einnig vátryggingartaki.

Rétthafi er hver sá sem á kröfu um greiðslu bóta ef til kemur.

Vátryggingin er miðuð við líf þess sem í skilmálunum er nefndur líftryggður.

Vátryggingartaki hefur þrjátíu daga frest (iðrunarrétt) til að segja vátryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði vátryggingunni sagt upp innan þess tíma ber vátryggingartaka að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var líftryggður.

### 1. gr. Gildistími ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur mótttekið útfyllta og undirritaða vátryggingarbeiðni og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að gefa út skírteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu. Gildistími vátryggingarinnar er skráður á skírteinið.

Ábyrgð félagsins fellur þó niður ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjalddaga, enda hafi þess verið krafist a.m.k. viku fyrir þann tíma. Ábyrgð félagsins hefst að nýju þegar iðgjald hefur verið greitt, enda sé hinn líftryggði þá á lífi og ekki liðnir tveir mánuðir frá því að ábyrgð félagsins féll niður.

Skírteini þetta fellur úr gildi ef iðgjald hefur ekki verið greitt þremur mánuðum eftir gjalddaga.

### 2. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins

Svipti líftryggður sig lífi innan eins árs frá því að vátryggingin síðast öðlaðist gildi er félagið laust úr ábyrgð.

Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.

### 3. gr. Rangar upplýsingar

Gefi líftryggður eða vátryggingartaki rangar upplýsingar eða leyni upplýsingum í vátryggingarbeiðninni eða undirrituðum fylgigögnum hennar, er félagið laust úr ábyrgð í samræmi við ákvæði laga um vátryggingarsamninga.

### 4. gr. Endurkaup og lán

Vátrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu.

### 5. gr. Greiðsla vátryggingar- fjárhæðarinnar

Vátryggingarfjárhæðin fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því, þar á meðal dánarvottorð frá lækni. Við greiðslu ber að afhenda vátryggingarskírteinið áritað af rétthafa.

### 6. gr. Fyrning vátryggingarfjárhæðarinnar

Krafa um greiðslu vátryggingarfjárhæðarinnar fyrnist á tíu árum frá andláti hins líftryggða.

### 7. gr. Iðgjaldafrelsi

Missi hinn líftryggði meira en helming starfsorku sinnar öðlast hann rétt til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalda meðan það ástand varir, þó ekki fyrr en eftir 3 mánuði og ekki lengur en að 65 ára aldri.

Líftryggður öðlast þó ekki rétt til iðgjaldafrelsis:

1. Fyrir lengra tímabil en 1 ár aftur í tímann, áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu.

2. Vegna sjúkdóma sem voru fyrir hendi eða sýnt höfðu einkenni fyrir gildistöku váttryggingarinnar, né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku váttryggingarinnar.

3. Ef orsök starfsorkumissisins er af völdum styrjalda, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisna eða svipaðra atvika.

4. Ef orsök starfsorkumissisins er misnotkun áfengis, fíkniefna eða eiturefna, eða þátttaka í refsiverðum verknaði.

Ákvæði 3. gr. um rangar upplýsingar gilda einnig um iðgjaldafrelsi, eftir því sem við á. Beiðni um iðgjaldafrelsi skal vera skrifleg á eyðublaði félagsins og sendast félaginu ásamt nauðsynlegum gögnum til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu.

Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni hins líftryggða til þess að gegna sínu venjulega starfi og möguleikum til að gegna öðrum störfum.

Líftryggða er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu. Á meðan hinn líftryggði nýtur iðgjaldafrelsis getur félagið ávallt krafist heilsufarsupplýsinga af honum, svo og læknisskoðunar á sinn kostnað.

Félagið tilkynnir líftryggða skriflega ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi.

### **8. gr. Breyting váttryggingarfjárhæðar og iðgjalds**

Gildandi váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteininu og endurnýjunarkvittunum.

Á skírteininu kemur jafnframt fram hvort váttryggingarfjárhæð breytist með aldri. Ef svo er, er einnig skráð á skírteinið við hvaða aldur líftryggða breytingin miðast og lækkar þá váttryggingarfjárhæðin árlega frá þeim tíma (12 á hádegi næsta aðalgjalddaga) í samræmi við reglur

sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt. Útreikningur lækkunar miðar að því að iðgjald haldist óbreytt að raunvirði milli ára, en að öðru jöfnu er váttryggingar-iðgjald háð aldri líftryggðs og breytist árlega við endurnýjun.

### **9. gr. Verðtryggingarákvæði**

Gildandi váttryggingarfjárhæð og iðgjald, skv. 8. gr., breytast kl. 12 á hádegi fyrsta dag hvers váttryggingarárs. Breytingin skal vera í sama hlutfalli og er milli gildandi vísitölu neysluverðs í upphafi váttryggingarársins frá grunnvísitölu skírteinisins.

Ennfremur breytist váttryggingarfjárhæðin innan hvers váttryggingarárs ársfjórðungslega. Breytingin er í sama hlutfalli og er milli gildandi vísitölu neysluverðs í byrjun hlutaðeigandi ársfjórðungs og vísitölnunnar í upphafi ársins. Ef iðgjaldið greiðist oftari en einu sinni á ári breytast síðari greiðslur með sama hætti og fjárhæðin.

### **10. gr. Breyting á iðgjaldsgrundvelli**

Verði veruleg breyting á dánarlíkum áskilur félagið sér rétt til að breyta iðgjaldsgrundvelli. Slíkar breytingar eru háðar samþykki Fjármálaeftirlits.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. október 2004.**

**Kynntu þér efni váttryggingarsamnings og ákvæði váttryggingaskilmála:**

Félagið hvetur þig til þess að kynna þér ákvæði váttryggingarskírteinis þessa auk ákvæða skilmála varðandi greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur og fresti til að tilkynna um váttryggingaratburð.

Í persónuþryggingum þar sem váttryggður er annar en váttryggingartaki birtast viðkvæmar persónuupplýsingar varðandi váttryggðan einungis á því váttryggingarskírteini sem sent er váttryggðum.

Skilmálar eru aðgengilegir á skrifstofum félagsins eða heimasíðu þess; [www.sjova.is](http://www.sjova.is).

**Nánari upplýsingar um váttrygginguna eða þörf á frekari váttryggingavernd:**

Félagið veitir frekari upplýsingar um váttrygginguna en fram koma á skírteini þessu auk ráðgjafar um þörf á váttryggingavernd. Hægt er að hafa samband við félagið í síma 440-2000 eða með fyrirspurnum í tölvupósti á netfangið [sjova@sjova.is](mailto:sjova@sjova.is).

**Tilkynningar um tjón:**

Hægt er að tilkynna tjón á skrifstofum félagsins sem eru opnar frá kl. 8:30 til 16:30 alla virka daga, í þjónustusíma 440-2000, á heimasíðu félagsins [www.sjova.is](http://www.sjova.is) eða í tölvupósti á netfangið: [tjonstilkynningar@sjova.is](mailto:tjonstilkynningar@sjova.is). Tjónavakt félagsins er opin allan sólarhringinn. Símanúmer tjónavaktar er 800-7112.

**Frestur til að tilkynna um tjón og til lögfræðilegra aðgerða:**

Tilkynna ber félaginu um tjón án ástæðulauss dráttar, sbr. 3. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 92. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga (VSL). Réttur til greiðslu bóta getur fallið niður ef váttryggður tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um atvik sem krafan er reist á, sbr. 1. mgr. 51. gr. og 1. mgr. 124. gr. VSL.

Hið sama á við ef félagið hefur hafnað kröfu um bætur. Í slíkum tilvikum getur váttryggður eða sá sem á rétt til bóta glatað þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar máls fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan eins árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. VSL.

**Meðferð ágreiningsmála:**

Félagið tekur ákvörðun um bótaskyldu. Ágreining um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir **Tjónanefnd váttryggingarfélaganna**. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Nefndin fjallar ekki um bótafjárhæðir.

Einnig er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir **Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum**, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Hægt er að nálgast eyðublað úrskurðarnefndarinnar á [www.sjova.is](http://www.sjova.is), á skrifstofum félagsins eða hjá Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Sá sem skýtur máli til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum þarf að greiða málskotsgjald. Falli málið honum í vil, að einhverju eða öllu leyti, fær hann málskotsgjaldið endurgreitt. Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt aðila til þess að fara með mál fyrir dómstóla.

Kvörtunum er lúta að þjónustu og málsmeðferð félagsins má vísa til **Neytendapjónustu félagsins** á aðalskrifstofu þess.